

Garðabær
Gunnar Einarsson
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Bæjarskrifstofur Garðabæjar	
Mótt.dags.	07.05.2018
Málalykill	9.33
Mál nr.	1705302

Tjarnarlandi, 3. maí 2018

Efni: Aðkoma að Tjarnarlandi

Sæll Gunnar

Samkvæmt beiðni þinni þá sendi ég þér þau gögn sem ég hef varðandi samskipti eigenda Tjarnarlands við sveitarstjórn Álfenness frá 1999 til 2008 varðandi breytta aðkomu að Tjarnarlandi.

Eins og kom fram á fundi okkar þá var hús okkar staðsett út frá skipulagi sem eigendur létu gera fyrir austurhluta Skógtjarnarlands 1980 og er þar aðkoma að Tjarnarlandi úr austri. Ekkert varð síðan af frekari framkvæmdum samkvæmt því skipulagi og hefur Tjarnarland verið með bráðabyrgða veltengingu við Miðskóga síðan.

Við breytingu á deiliskipulagi miðsvæðisreits Bessastaðahrepps 1. júlí 1999 var Tjarnarland fellt undir það skipulag og við það er aðkoman að Tjarnarlandi sett frá Miðskógum. Til að sú aðkoma geti gengið upp þarf að færa bílskur innan lóðarinnar og var því lofað af hálfu Bessastaðahrepps að það yrði gert og yrði eigendum Tjarnarlands að kostnaðarlausu. Ekkert hefur verið gert í þessum málum þrátt fyrir eftirreksur af hálfu eigenda og málinu sífellt frestað af hálfu sveitarfélagsins.

Það hefur alltaf verið von eigenda að það fengist að skipuleggja landið austan Skógtjarnar og að aðkoman yrði þá frá austri eins og upphaflega var gert ráð fyrir og ekki þyrfti að fara í kostnaðarsamar framkvæmdir vegna færslu á bílskúrnum. Samkvæmt nýsamþykktu aðlaskipulagi og þeirri endurskoðun á deiliskipulagi sem er í gangi núna virðist vera útséð um að það verði.

Eigendur hafa sýnt mikla biðlund í öllu þessu máli og látið allar framkvæmdir við frágang á lóðinni sitja á hakanum í mörg ár en nú er sú biðlund á þrotum. Það er því ósk eigenda að fundin verði einhver lausn varðandi þetta mál hið fyrsta.

Eins og fyrr sagði þá hefur það alltaf verið ósk eigenda að aðkoman yrði eins og upphaflega var gert ráð fyrir en aðrar lausnir gætu þó komið til greina.


1. Framlengja Miðskóga að lóðinni og færa og snúa bílskúr á lóð. Gæti orðið kostnaðarsöm og erfið aðgerð vegna hugsanlegar fornleifa á svæðinu fyrir ofan lóðina.
2. Hafa bráðabyrgða aðkomuna eins og hún er, lagt yrði slitlag og þjónusta við þá aðkomu yrði eins og um Miðskóga væri að ræða. Þetta yrði gert með þá von í huga að síðar meir yrði hugsanlega hægt að koma að veltengingu frá austri eins og upphaflega var gert ráð fyrir.

Ef þessi tillaga yrði lausnin þá telja eigendur að þeir þyrftu að fá einhversskonar tryggingu sem væri framseljanleg fyrir því að ef einhverntíma í framtíðinni, þyrfti að breyta aðkeyrslunni og færa bílskúrinn, yrðu þær framkvæmdir núverandi eða síðari eigendum að kostnaðarlausu.

Með von um skjót og góð viðbrögð.

Virðingarfyllst,


Helga Sigurðardóttir


Sigurður Eggertsson

Fylgiskjöl:

1. Bréf Klemenzar Eggertssonar fyrir hönd eigenda, dags. 4. Júní 1999 og svar sveitarstjóra Bessastaðahrepps dags. 4. júlí 1999
2. Bréf eigenda með ósk um viðræður dags. 29. maí 2000
3. Bréf frá sveitarstjóra Bessastaðahrepps dags. 14. nóvember 2000
4. Bréf eigenda með ósk um viðræður dags. 9. maí 2005
5. Bréf eigenda með beiðni um upplýsingar og svar bæjarstjóra dags. 20. mars 2006
6. Bréf frá bæjartækniþæðingi Sveitarfélags Álftaness dags. 12 janúar 2007 við bréfi eigenda dags. 14. nóvember 2006 (bréf vantar)
7. Bréf eigenda með mótmæli við fyrirhuguð deiliskipulag við vestanverða Skógtjörn dags. 9. September 2008 og athugasemdir Skipulagsstofnunar við áður nefnt deiliskipulag dags. 5. desember 2008